

Sjónvarpsþjónusta heildsölu Símans gerir ekki kröfu um að notaður sé tiltekinn tegund beinis heldur að beinirinn uppfylli almenna staðla til þess að unnt sé að nota sjónvarpsþjónustuna um viðkomandi beini. Stillingar sem þarf að setja inn á beini til þess að unnt sé að nota hann fyrir sjónvarpsþjónustu Símans fylgja hér.

Internetþjónustuveitur, sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á leigu eða sölu á beinum, geta sett viðkomandi stillingar inn sjálfar en annars eiga internetþjónustuveitur að hafa beint samband við eigin birgja eða viðkomandi framleiðendur um óskir í þá veru að festa stillingar inn á viðkomandi beini. Síminn heildsala er reiðbúinn að veita svara öllum spurningum um stillingar félagsins.

VLAN stillingar fyrir Heildsölusjónvarp Símans

Staðlar:

- FastEthernet eða betri sviss
- Virtual Local Area Network (VLAN), IEEE 802.1q
 - IEEE P802.1p

VLAN stillingar:

- Internet auðkenning og umferð fer fram yfir VID 4 og hefur „Best Effort“ forgang, 0.
- Sjónvarp er brúað á Layer 2 yfir VID 3 og hefur „Critical Applications“ forgang, 3.
- VoIP er á VID 5 og hefur „Voice“ forgang, 5.